

Alþingi
Erindi nr. P 128/249
komudagur 22.11.2002



Samtök iðnaðarins
Federation of Icelandic Industries

Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd
Austurstræti 8 - 10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 21. nóvember 2002

Efni: Tillaga til þingsályktunar um virðisaukaskatt af barnafatnaði, 311. mál.

Samtök iðnaðarins geta ekki tekið undir að skynsamlegt sé að lækka eða fella niður virðisaukaskatt af barnafötum og bæta þar með enn við undanþágur virðisauka-skattkerfisins. Það gengur þvert á stefnu SI í skattamálum.

Samtök iðnaðarins telja miklu nær að gerð verði gangskör að því að kanna til fulls áhrif þess að fella niður allar undanþágur frá virðisaukaskatti. Þrepin verði tvö í kerfinu og það lægra eingöngu fyrir matvöru og þá allt það sem ætt er, líkt og gert er í Svíþjóð, í stað þeirrar sérstöku neyslustýringar sem nú tíðkast.

Samhliða því verði gerð úttekt á því að fella niður öll vörugjöld af neysluvörum en margir átta sig ekki á því að við búum við tvöfalt kerfi neysluskatta.

Aðgerðir að þessu tagi munu einfalda skattkerfið, breikka skattstofninn og draga úr undanskotum. Með þessu móti greiða fleiri skatt og þar með er hægt að lækka skatthlutfallið. Breytingar af þessu tagi munu koma barnafólki frekar til góða en þær sértæku breytingar sem þingsályktunartillagan gerir ráð fyrir.

SAMTÖK IÐNAÐARINS


Jón Steindór Valdimarsson
aðstoðarframkvæmdastjóri